

Fundargerð 14. stjórnarfundar starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 15. mars 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Sigurður Ingvarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir (í símasambandi), Hannes Strange, Benóný Jónsson, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson (fram til kl. 18:40). Einnig sátu fundinn Unnur Sigurðardóttir verkefnastjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 13. fundar lögð fram og samþykkt.
2. Staða fjármála og samninga
 - 2.1. Rekstaryfirlit f. 2010. Drög að rekstraryfirliti fyrir árið 2010 lögð fram.
 - 2.2. Samstarfsaðilar. Actavis hefur staðfest samstarf við FRÍ á þessu ári vegna útsendinga Demantamóta IAAF. Einnig er möguleiki á samstarfi vegna fjallahlaupa í nágrenni Reykjavíkur. Landsbankinn hefur gefið afsvar. Aðrir aðilar eru enn með málin í skoðun.
 - 2.3. Fundur um fjármál hreyfingarinnar 10. mars sl. Formaður gerði grein fyrir störfum nefndar á vegum aðildarféлага FRÍ um fjármál sambandsins. Hópurinn mun skila tillögum í næstu viku.
3. Aukabætur FRÍ 26. febr. sl.
 - 3.1. Helstu niðurstöður. Formaður rakti umræður og helstu niðurstöður um fjármál FRÍ og tilurð nefndar sambandsaðila um fjármál sambandsins.
 - 3.2. Breytingar á reglugerð um Bikarkeppni 16 ára og yngri lagðar fram. Þær eru í samræmi við breytingar á aldursflokkskipun sem gekki í gildi 1. jan. sl.
 - 3.3. Breytingar á reglugerð um Víðavangshlaup Íslands. Laganefnd falið að koma með tillögum að aðlögun aldursflokkskipunar og hlaupavegalengda sem verði í samræmi við nýja aldursflokkskipan.
4. ÍSÍ þing að Gullhömrum, 8. og 9. apríl nk.
 - 4.1. Val eins aðal- og fimm varafulltrúa. Formaður kosinn fulltrúi auk þeirra sem kosnir voru á Frjálsíþróttabætur 2010. Unnur Sigurðardóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Felix Sigurðsson kosin sem varafulltrúar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að leita að tveimur varafulltrúum til viðbótar.
 - 4.2. Framboðsmál, frestur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Rætt um þörf á að hafa einstakling með sérþekkingu á Ólympískum greinum og frjálsíþróttum í stjórn ÍSÍ.
 - 4.3. Fundur ÍSÍ um endurskoðun afreksstefnu. Formaður, ásamt formanni Íþrótt- og afreksnefnd og verkefnisstjóra landsliðsmála mun sækja fundinn. Formaður ræddi þörf á endurskoðun styrkja ÍSÍ til afreksmála.
5. Kosningabætur EAA og IAAF 2011
 - 5.1. Framboð frá FRÍ. Jónas Egilsson er í framboði til stjórnar EAA og Þórdís L. Gísladóttir hefur tekið jákvætt í hugmyndir um framboð til jafnréttistnefndar (Women's Committee) hjá IAAF.
 - 5.2. Fulltrúar á þingum og ferðakostnaður. Vegna framboða er nauðsynlegt að a.m.k. einn fulltrúi fari með frambjóðendum á þing EAA og IAAF. Formaður og framkvæmdastjóri sækja þingi EAA í London 16. apríl nk. Kostnaður við þátttöku á þingi IAAF í Kóreu er mikill og því rætt um að hafa fulltrúa þar ekki

fleiri en þörf er á. Birgir ræddi nauðsyn þess að formaður eða fulltrúi tækninefndar sæti þingið. Afgreiðslu frestað.

6. Landsliðsmál og fyrirhuguð þátttaka í alþjóðlegum mótum 2011
 - 6.1. Yfirlit um kostnað vegna þátttöku á mótum erlendis lagt fram. Heildarkostnaður er áætlaður um 12,5 mkr. á þessu ári.
 - 6.2. Kostnaðarhlutdeild félaga/keppenda í Vetrarkastmótinu. Samþykkt að FRÍ greiði ekki kostnað vegna þátttöku í þessu móti.
 - 6.3. Þátttaka á Smáþjóðaleikunum. Ljóst er að FRÍ getur ekki staðið undir áætluðum 2 m.kr. kostnaði vegna þátttöku í mótinu. Rætt um aðkomu sambandsaðila og íþróttafólks að verkefninu.
 - 6.4. Landsliðsbúningar. Lagt fram yfirlit frá verkefnisstjóra um kostnað vegna kaupa á landsliðsbúningum. Þörf er á að bæta við keppnisbúninga sem keyptir voru í fyrra með stuðningi Toyota. Einnig er þörf á að fá nýja utanyfirgalla, þar sem þeir hefur fækkað sem til eru og hætt er að framleiða þá línu sem við höfum notað þannig að ekki er hægt að fylla upp í það sem á vantar.
 - 6.5. Fundur með ÍSÍ vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleika var haldinn í vikunni, en 500 dagar eru til leikanna í London á næsta ári. Greint var frá undirbúningi og markmiðum fyrir leikana.
 - 6.6. Fundir með landsliðsliðshópum. Verkefnisstjóri lagði fram yfirlit um fundi, fræðslu og æfingar landsliðs í vor og sumar.
7. Evrópubikarinn 2011 18. og 19. júní í Reykjavík. Sigurður Ingvarsson, formaður undirbúningsnefndar greindi frá framvindu undirbúnings.
8. Lagt fram
 - 8.1. Bréf frá ÍSÍ vegna styrks til FRÍ vegna framboða til EAA og IAAF.
 - 8.2. Bréf frá ÍSÍ með yfirliti um ríkisstyrk árið 2011. Hann nemur alls rúmum 2,5 m.kr., sem er 10% lækkun frá síðasta ári og um 17% frá árinu 2009.
9. Önnur mál
 - 9.1. Samningar við afreksfólk. Að ósk ÍSÍ þarf að ganga frá samningum við afreksfólk um notkun á styrkjum frá Ólympíusamhjálpinni. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.
 - 9.2. Þátttaka í ráðstefnu EAA um málefni frjálsíþróttafélaga. Lagt fram tölvubréf Margrétar Héðinsdóttur formanns frjálsíþróttadeildar ÍR, dags. 14. þ.m. Umræður. Formanni falið að svara bréfinu f.h. FRÍ.
 - 9.3. Umræðunfundur með ungum iðkendum og efling vefsíðu FRÍ. Formaður ætlar að boða til fundar með fulltrúum ungra íþróttamanna til að ræða bætt samskipti og eflingu fréttu á vef FRÍ.
 - 9.4. Netsamfélag hlaupara. Formaður gerði grein fyrir hugmyndum um stofnun félags fyrir hlaupara á netinu.
 - 9.5. Beiðni um styrk frá Unni Sigurðardóttur vegna námskeiðs. Unnur vék af fundi fyrir afgreiðslu þessa máls. Stjórn FRÍ telur sig ekki fært við að verða við þessari ósk hennar. Formanni falið að gera henni grein fyrir þessari ákvörðun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:40.

Jónas Egilsson.